



Skilmálar um tímabundinn afslátt á gatnagerðargjöldum
75% afsláttur til 31.12.2022
50% afsláttur 1. janúar til 30. júní 2023

Samþykkt bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar 24. nóvember 2022
*sbr. fyrri samþykktir bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar 9. júní 2022, 22. júní 2021,
13. febrúar, 14. maí og 10. desember 2020.*

Inngangur

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti þann 24. nóvember 2022 að framlengja fyrri samþykktir sínar og bjóða tiltekna eldri íbúðarlóðir með afslætti af gjaldskrá um gatnagerðargjöld. Hið sama gildir um tiltekna eldri iðnaðarlóðir, sem tilgreindar eru hér fyrir neðan. Til 31.12.2022 gildir áfram 75% afsláttur, en frá 1. janúar til 30. júní 2023 er afslátturinn 50%.

Tilgangurinn með því að lækka gatnagerðargjöld með þessum hætti er að bjóða húsbyggjendum betri kjör í því skyni að stuðla að aukinni uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu. Ljóst er að skortur hefur verið á húsnæði og líkindi eru fyrir því að það standi íbúafjölgun fyrir þrifum.

Til viðbótar má nefna að bæjarstjórn hefur unnið að fjölgun íbúðarlóða, sbr. stækkun íbúðarhúsareita í nýju aðalskipulagi og breytingu á deiliskipulagi Ölkeldudals, sem samþykkt var af skipulags- og umhverfisnefnd á 240. fundi sínum þann 27. september sl. og bíður nú þess að fara í staðfestingu Skipulagsstofnunar. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir nýjum lóðum fyrir allt að 15 íbúðir.

Skilmálar þessir eru settir með stoð í a-lið 6. gr. Samþykktar um gatnagerðargjöld í þéttbýli Grundarfjarðar, frá 13. febrúar 2020.

Skilmálar

1. Lóðir

Veittur er afsláttur af gjaldskrá gatnagerðargjalda vegna nýbyggingar íbúðarhúsnæðis á eftirtöldum, eldri íbúðarlóðum:

Fellabrekka 1
Grundargata 63
Grundargata 82
Grundargata 90
Hellnafell 1
Ölkelduvegur 17
Ölkelduvegur 19

Sjá ofangreindar lóðir á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar, www.grundarfjordur.is

Veittur er afsláttur af gjaldskrá gatnagerðargjalda vegna nýbyggingar atvinnuhúsnæðis á eftirtöldum iðnaðar-/athafnalóðum við Ártún/Hjallatún:

Hjallatún, metralóðir meðfram núverandi götu, sjá á vefsíðu.

2. Tímabil

Hægt verður að sækja um framangreindar lóðir til nýbyggingar með 50% afslætti gatnagerðargjalds frá 1. janúar 2023 til 30. júní 2023.

Frá deginum í dag, 24. nóvember 2022 til 31. desember 2022 gildir þó áfram 75% afsláttur af framangreindum lóðum sem gilt hefur frá júní 2022.

Lágmarksgjald skv. gjaldskránni er aftengt á tímabilinu, en hámarksgjald heldur sér.

3. Mögulegur fjöldi lóða

Einstaklingi (hjón eða sambúðaraðilar talin saman) og lögaðila er heimilt að sækja um eina byggingarlóð/byggingarframkvæmd (þ.e. eitt einbýlishús, eitt parhús (2 íbúðir), eitt raðhús/fjölbýlishús) sem afsláttur nær til.

Aðilum sem hyggjast byggja og selja íbúðarhúsnæði á almennum markaði, er þó heimilt að sækja um fleiri en eina lóð sem afsláttur nær til.

4. Umsókn

Sótt er um á eyðublöðum sem hægt er að nálgast á [vef bæjarins, sjá hér](#).

Til að umsókn teljist fullnægjandi þarf hún að vera að fullu útfyllt, undirrituð og skilað inn með þeim fylgigögnum sem farið er fram á. Umsækjanda ber að tilgreina hvenær hann hyggst hefja og ljúka byggingarframkvæmdum. Umsækjendum er bent á að kynna sér vel gildandi

aðalskipulag og deiliskipulag þar sem því er fyrir að fara. Ennfremur samþykkt um gatnagerðargjöld í þéttbýli Grundarfjarðar frá 13. febrúar 2020, sbr. þó sérákvæði í þessum skilmálum.

5. Úthlutun

Umsóknir um lóðir með afslætti eru teknar fyrir á næsta fundi skipulags- og umhverfisnefndar. Umsóknir sem berast á milli funda nefndarinnar, eru teknar fyrir á næsta fundi nefndarinnar og afgreiddar þar. Um þær gilda úthlutunarreglur skv. [Samþykkt um úthlutun lóða í Grundarfirði frá 21. desember 2006](#), einkum grein 1.2.

Lóðaúthlutanir eru staðfestar á næsta fundi bæjarstjórnar (bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar). Í framhaldinu sendir embætti skipulags- og byggingarfulltrúa bréf til lóðarhafa og tilkynnir um úthlutun lóðar. Við dagsetningu slíks bréfs er ferli viðkomandi lóðar miðað.

6. Tímafrestrir og skilmálar

Við úthlutun lóðanna gilda eftirfarandi ákvæði:

- Frá dagsetningu bréfs þar sem tilkynnt er um úthlutun lóðar, hefur lóðarhafi 6 mánuði til að skila inn umsókn um byggingarleyfi á hinni úthlutuðu lóð. Til að slík umsókn teljist gild þurfa að fylgja henni fullbúnir aðaluppdrættir byggingar, sem eru í samræmi við gildandi deili- og aðalskipulag, uppáskriftir byggingarstjóra og meistara og önnur þau fylgigögn sem byggingarreglugerð kveður á um. *Það athugist að þetta er sérákvæði og þrengri frestur en í samþykktum bæjarins um úthlutun lóða og gildir um þær lóðir/lóðaúthlutun sem afslátturinn nær yfir, á meðan þessi samþykkt er í gildi.*
- Gögn verða yfirfarin af byggingarfulltrúa og skipulags- og umhverfisnefnd staðfestir og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.
- Eftir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar er lóðarhafa tilkynnt um að byggingarleyfi verði gefið út og reikningur gefinn út fyrir byggingarleyfisgjöldum. Leyfið verður gefið út þegar byggingarleyfisgjöld hafa verið greidd.
- Byggingarframkvæmdir skulu hafnar innan árs frá útgáfu byggingarleyfis, eins og lög gera ráð fyrir.
- Byggingarframkvæmdir skulu hafa hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis, ella verður byggingarleyfishafi krafinn um þann hluta gatnagerðargjalds sem hann fékk í afslátt skv. gjaldskrá á þeim tíma.

Af gjaldföllum gatnagerðargjaldi skulu greiðast dráttarvextir, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

7. Gjöld

Þau gjöld sem koma til greiðslu eru:

- Staðfestingargjald lóðarúthlutunar – skv. gjaldskrá fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld hjá Grundarfjarðarbæ. Greiðist strax í kjölfar tilkynningar um úthlutun lóðar, eftir staðfestingu bæjarstjórnar (bæjarráðs) á afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar.
- Afgreiðslugjald - skv. sömu gjaldskrá.
- 50% gatnagerðargjald (frá 1.1.2023-30.06.2023) eða 25% gatnagerðargjald (til 31.12.2022). Við lóðarúthlutun skal greiða kr. 1.000.000, sbr. a-lið samþykktar um gatnagerðargjöld í þéttbýli Grundarfjarðar. Gatnagerðargjald skv. skilmálum þessum þarf að greiða eigi síðar en byggingarleyfi er gefið út.
- Byggingarleyfisgjald; þarf að greiða áður en byggingarleyfi er gefið út.
- Önnur gjöld skv. gjaldskrá.